

Miðvikudaginn 3. maí 1978.

Nr. 119/1975. **Fiskveiðasjóður Íslands og sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Húna h/f og gagnsök

(Haukur Jónsson hrl.).

Veðskuldabréf. Gengisákvæði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 16. september 1975. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. september 1975. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að færa til baka hækkanir að fjárhæð 1.841.408 krónur á skuld sinni við aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóð Íslands samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 30. ágúst 1963, upphaflega að fjárhæð 8.500.000 krónur, „og fella niður vexti af þessum hækkunum þannig: Af kr. 450.500 frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1968 og af kr. 1.841.408 frá 1. janúar 1969“. Til vara krefst gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til „að lækka framangreint skuldabréf um aðra fjárhæð lægri“ og „fella niður vexti af þeirri lækkun“. Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Hefur aðaláfrýjandi Fiskveiðasjóður Íslands lagt fram útreikninga á því, hver hefði átt að vera lækkun á skuld gagnáfrýjanda miðað við forsendur héraðsdóms, ef fyrir dóminum hefðu legið nægileg talmagögn. Telur þessi aðaláfrýjandi, að lækkunin hefði átt að nema 406.965 krónum.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, höfðaði gagnáfrýjandi mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í maí 1971 til heimtu skaðabóta óskipt úr hendi stefndu að fjárhæð 1.841.408 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Er í héraðsdómi greint frá þeim grundvelli, sem skaðabótakrafan var reist á.

Við munnlegan flutning málsins fyrir bæjarþinginu, er fyrst fór fram hinn 14. mars 1974, en síðan aftur hinn 22. maí 1974 vegna endurupptöku málsins, gerði gagnáfrýjandi hins vegar þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjendur yrðu annað hvort dæmdir til að greiða framangreinda fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði eða sæta því, að skuld gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóð samkvæmt veðskuldabréfi því, er í málinu greinir, yrði lækkuð um sömu fjárhæð. Hann gerði og þá varakröfu, að aðaláfrýjendur yrðu annað hvort dæmdir til að greiða sér 1.418.867 krónur með vöxtum og málskostnaði eða dæmdir til að þola, að skuld gagnáfrýjanda yrði lækkuð um þá fjárhæð og að vextir af henni yrðu felldir niður. Verður ekki séð, að aðaláfrýjendur hafi sérstaklega andmælt því, að gagnáfrýjandi færði kröfugerð sína í þetta horf eða að hin nýja kröfugerð væri of seint fram komin.

Þar sem gagnáfrýjandi greindi eigi í endanlegri kröfugerð sinni fyrir héraðsdómi, hvort hann krefðist fremur greiðslu framangreindra fjárhæða eða lækkunar skuldarinnar, voru kröfur hans svo óglöggar, að héraðsdómi hefði verið rétt að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum. Héraðsdómur dæmdi málið eigi að síður að efni til, og gagnáfrýjandi hefur fyrir Hæstarétti fallið frá þeim skaðabótakröfum, er héraðsdómur sýknaði aðaláfrýjendur af, og krefst þess aðeins, að aðaláfrýjendum verði dæmt að þola lækkun skuldarinnar. Þykir því mega leggja efnisdóm á kröfur gagnáfrýjanda, eins og málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt.

II.

Aðaláfrýjendur hafa andmælt því, að gagnáfrýjandi sé réttur aðili máls, þar sem hann hafi selt v/b Húna og kaupandinn, Einir h/f, hafi tekið að sér greiðslu veðskuldarinnar

við aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóð Íslands. Á þetta verður ekki fallist. Gagnáfrýjandi hefur ekki verið leystur frá skuldbindingum sínum við Fiskveiðasjóð vegna margnefndrar lántöku, þó að hann hafi selt v/b Húna og kaupandi lofað honum að taka að sér greiðslu skuldarinnar. Hefur gagnáfrýjandi því hagsmuni af því að fá skorið úr réttarágreiningi aðilja eins og hann hefur verið lagður fyrir Hæstarétt.

III.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, veitti aðaláfrýjandi Fiskveiðasjóður Íslands gagnáfrýjanda lán að fjárhæð 8.500.000 krónur árið 1963 vegna smíði fiskiskipsins v/b Húna, HU 2. Gaf gagnáfrýjandi út skuldabréf fyrir láninu með 1. veðrétti í skipinu til handa Fiskveiðasjóði hinn 30. ágúst 1963.

Á fundi sínum 17. mars 1961 ákvað stjórn Fiskveiðasjóðs „að hafa hér eftir ákvæði í skuldabréfum fyrir veittum lánunum um, að heimilt sé að innheimta 3/5 hluta þeirra (60%) með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum“. Ákvæði þetta var byggt á 2. gr. laga nr. 17/1961, er breytti 3. gr. laga nr. 40/1955 um Fiskveiðasjóð Íslands og hljóðar svo: „Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum“. Framangreint ákvæði var í skuldabréfum fyrir lánunum, sem veitt voru úr Fiskveiðasjóði frá 21. mars 1961 til ársloka 1966, þar á meðal skuldabréfi því, er gagnáfrýjandi gaf út 30. ágúst 1963. Á fundi stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands 18. apríl 1967 var samþykkt „að fella niður gengisákvæði á lánunum veittum úr sjóðnum frá byrjun þessa árs“. Gengisbreytingarákvæði voru síðan ekki í skuldabréfum sjóðsins, uns þau voru tekin upp að nýju samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar á fundi hennar 29. maí 1968.

IV.

Kröfur þær, sem gagnáfrýjandi hefur uppi í málinu, eru reistar á því, að Fiskveiðasjóði hafi ekki verið heimilt að hækka framangreint lán, svo sem hann gerði, enda hafi

ákvæði 2. gr. laga nr. 17/1961 aðeins veitt sjóðnum heimild til að áskilja, að lánsfjárhæðin breyttist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, ef og að því leyti sem um væri að ræða endurlánað erlent lánsfé. Ekkert af því fé, sem gagnáfrýjandi hafi fengið að láni, hafi Fiskveiðasjóður tekið að láni erlendis. Hafi því gengisákvæði veðskuldabréfsins verið með öllu ógilt. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því þó lýst yfir af hálfu gagnáfrýjanda, að 4,751% af láni hans hafi verið erlent lánsfé. Er kröfugerð gagnáfrýjanda því ekki í samræmi við málsreifun hans að þessu leyti.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 17/1961 verður að skýra þannig, að með því sé sjóðnum aðeins heimilt að áskilja, að endurgreiðsla nýrra lána, sem hann veiti, sé háð breytingum á gengi íslenskrar krónu, þegar um er að ræða endurlán á erlendu fé, sem sjóðurinn hefur fengið að láni. Gögn máls sýna, að sjóðurinn hefur tekið erlend lán á árunum 1961 til 1963, sem hafa verið endurlánað hérlandis með framangreindu gengisákvæði, m. a. lán að fjárhæð 1.407.362 norskar krónur hinn 1. ágúst 1963. Sjóðurinn tók hins vegar engin erlend lán til endurlána frá þeim degi til 31. október 1968.

Fiskveiðasjóði var, sem fyrr segir, skv. 2. gr. laga nr. 17/1961 heimilt að áskilja, að endurlánað erlent fé væri gengistryggt. Hefði verið rétt að geta þess í veðskuldabréfinu frá 20. ágúst 1963, hvaða fjárhæð var háð þeim skilmálum og við hvaða erlendan gjaldeyri skyldi miðað. Telja verður, að gengisákvæðið í veðskuldabréfinu sé engu að síður gilt að því marki sem um endurlán var að ræða í raun. Mátti Fiskveiðasjóður gera eitt af tvennu, þegar hann veitti gagnáfrýjanda lánið 1963. Sjóðurinn mátti miða gengisákvæðið við, hve mikið af handbæru fé á útlánsdegi var fengið að láni erlendis, eða miða við, hve mikið af fé, sem hann hafði til útlána á tilteknu tímabili, væri erlent. Síðari kosturinn mátti þó ekki leiða til þess, að Fiskveiðasjóður hagnaðist á gengisbreytingum, og sjóðurinn mátti ekki áskilja, að síðari erlendar lántökur hans, sem ekki hafði verið tekin ákvörðun um, þegar hann veitti gagnáfrýjanda lán, gætu leitt til aukinnar greiðslubyrði fyrir gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi hefur, eins og áður segir, haldið því fram í

málflutningi, að erlent endurlánað fé á árinu 1963 hafi verið 4,751% af fé til útlána á árinu. Í hinum áfrýjaða dómi er getið skýrslu Fiskveiðasjóðs á héraðsdómsskjali nr. 15, en það er bréf sjóðsins til lögmanns síns, dagsett 5. ágúst 1971. Nokkur hluti bréfsins er tekinn upp í dóminn. Af þeirri tilvitnun verður séð, að af hálfu Fiskveiðasjóðs er því haldið fram, að 30. ágúst 1963, þegar lánið til gagnáfrýjanda var útborgað, hafi bankainnstæður Fiskveiðasjóðs verið erlendar að uppruna að 28.36 hundraðshlutum og lánið til gagnáfrýjanda erlent í raun að þeim hluta. Í bréfi þessu segir enn fremur: „Samkvæmt þessu hefði lán Húna h/f átt að hækka við gengisbreytinguna í nóv. 1967 um 32.6% af 28.36%, þ. e. um 9.24% af lánsupphæðinni eða kr. 785.400.00 og við gengisbreytinguna í nóv. 1968 um 54.4% af 28.36%, þ. e. um 15.43% af lánsupphæðinni eða kr. 1.432.737.00. Samtals hefði því átt að hækka lánið um kr. 2.218.137.00 í stað þeirra kr. 1.841.408.00, er stefnukrafan nemur“. Þessum útreikningum hefur ekki verið hnekkt, og verður á það að fallast, að lán gagnáfrýjanda hafi verið erlent í raun að 28.36 hundraðshlutum, er það var tekið. Verður að telja, að Fiskveiðasjóði hafi verið heimilt að krefjast gengisbóta úr hendi gagnáfrýjanda innan þeirra marka, sem af þessu leiðir. Er gengi íslenskrar krónu var fellt 19. nóvember 1967 og aftur 12. nóvember 1968, hafði gagnáfrýjandi enn ekkert greitt af höfuðstóli skuldarinnar. Svo sem nánar greinir í héraðsdómi, hækkaði Fiskveiðasjóður 3/5 hluta af láni gagnáfrýjanda um 5.3%, eða um 450.500 krónur, vegna gengisfellingarinnar 1967 og um 15.54%, eða um 1.390.908 krónur, vegna gengisfellingarinnar 1968, eða samtals um 1.841.508 krónur. Þar sem hækkarnir þessar voru innan þeirra marka, sem að framan greinir, verður að telja, að þær hafi verið heimilar.

V.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóð Íslands af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Máli þessu hefur gagnáfrýjandi beint að sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stjórn Fiskveiða-

sjóðs Íslands er bær að ráðstafa sakarefni í máli þessu að því leyti sem því verður ráðstafað af aðiljum dómsmáls. Var ekki ástæða til að stefna sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Sótt hefur verið þing af þeirra hálfu og engar athugasemdir gerðar við málalíbúnaðinn að þessu leyti. Verður þeim því dæmd sýkna af sömu ástæðu og Fiskveiðasjóði.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Fiskveiðasjóður Íslands og sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Húna h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er sammála því áliti meiri hluta dómenda, að gagnáfrýjandi hafi slíka lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr ágreiningi aðilja, að honum sé heimilt að leggja mál þetta fyrir dómstóla.

II.

Fiskveiðasjóður Íslands er eign ríkisins. Hlutverk hans er að stuðla að þróun í sjávarútvegi með veitingu stofnlána. Starfshættir sjóðsins eru markaðir með löggjöf þeirri, sem um hann gildir á hverjum tíma. Ákvæði 2. gr. laga nr. 17/1961 verður að skilja á þann veg, að sjóðnum sé einungis heimilt að áskilja, að endurgreiðsla lána, er hann veitir, sé háð breytingum á gengi íslenskrar krónu, þegar um er að ræða raunveruleg endurlán á erlendu fé, sem hann hefur fengið að láni. Þessi stefna, sem er í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 4/1960, ákvæði 11. gr. laga nr. 28/1962 og megin-

stefnu laga nr. 71/1966, er efnislega ítrekuð með ákvæðum 16. gr. laga nr. 75/1966 og 16. gr. laga nr. 44/1976. Í skulda-
bréfi því, er gagnáfrýjandi gaf út til aðaláfrýjanda Fiskveiða-
sjóðs Íslands 30. ágúst 1963 og greinir skuld hans og skuld-
bindingar við sjóðinn, er ekki tekið fram, að um endurlán
á erlendu lánsfé sé að ræða, hvorki að öllu né nokkru leyti.
Þá hefur aðaláfrýjandi eigi fært sönnur á, hvort eða að hve
miklu leyti hafi þar raunverulega verið um að ræða endur-
lán á erlendu lánsfé. Gengisbreytingarákvæði skuldabréfs-
ins og framkvæmd aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóðs Íslands, sem
á þeim byggist, voru því ekki í samræmi við gildandi lög.

Gagnáfrýjandi gaf út skuldabréfið 30. ágúst 1963 án at-
hugasemda, þótt þar væri ákvæði um gengisbreytingu. Aðal-
áfrýjandi Fiskveiðasjóður Íslands tilkynnti gagnáfrýjanda
um hækkun skuldarinnar vegna gengisbreytinga, með bréf-
um 31. desember 1967 og 31. desember 1968. Er eigi vefengt
af gagnáfrýjanda, að hann hafi fengið bréf þessi. Þrátt fyrir
þetta hreyfði gagnáfrýjandi engum athugasemdum við þess-
um reikningshætti fyrr en með bréfi 9. febrúar 1971, hafði
hann þó selt v/b Húna, HU 2, með kaupsamningi 20. desem-
ber 1969 og afhent bátinn nýjum eiganda í ársbyrjun 1970.
Þykir þessi framkoma gagnáfrýjanda firra hann rétti til að
fá breytt fyrrgreindri reikningsaðferð aðaláfrýjanda og fella
niður þá hækkun vegna gengisbreytinga, sem aðaláfrýjandi
færði honum til skuldar 31. desember 1967 og 31. desember
1968.

III.

Eigi voru efni til að stefna ríkissjóði í máli þessu við hlið
aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóðs Íslands. Ríkissjóður hefur hins
vegar látið sækja þing í málinu og eigi haft uppi athuga-
semdir um þennan þátt í málabúnaði gagnáfrýjanda. Ber því
með vísan til þess, sem segir í II hér að framan, að sýkna
þennan aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

IV.

Með þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðu meiri
hluta dómenda í máli þessu.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á það, sem segir í I.—III. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda.

Hækkanir á skuld gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóð Íslands vegna gengisbreytingar íslenskrar krónu árin 1967 og 1968 voru innan þeirra marka, sem sett voru í gengistryggingarákvæði veðskuldabréfs þess, er gagnáfrýjandi gaf út og um er fjallað í málinu. Greinir aðilja raunar ekki á um þetta, heldur um gildi gengisákvæðis veðskuldabréfsins að lögum og hvort hækkun veðskuldarinnar með þeim hætti sem hún var framkvæmd hafi verið andstæð lögum. Telur gagnáfrýjandi, að svo hafi verið, og skírskotar kröfum sínum til stuðnings einkum til 6. gr. laga nr. 4/1960 og 11. gr. laga nr. 28/1962 svo og til laga nr. 71/1966.

Aður en lög nr. 17/1961 um breytingu á lögum nr. 40/1955 um Fiskveiðasjóð Íslands voru sett, hafði aðaláfrýjandi Fiskveiðasjóður eins og aðrir lánveitendur haft heimild til að gengistryggja veitt lán, ef svo stóð á sem greinir í undantekningarákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 4/1960. Er frumvarp til laga nr. 17/1961 var til meðferðar á Alþingi, virðist hafa verið gert ráð fyrir því, að það yrði á valdi Fiskveiðasjóðs að ákveða nánar, hvernig hann beitti þeirri heimild til gengistryggingar lána, sem 2. gr. laganna kveður á um. Af meðferð málsins á Alþingi verður ekki ráðið, að sá skilningur hafi verið lagður í greint ákvæði, að Fiskveiðasjóði bæri að halda erlendu lánsfé sínu sérgreindu frá öðru rádstöfunarfé sjóðsins, til að lána mætti það með gengistryggingu, og þá að fullu, en gengistrygging annars fjár, er sjóðurinn lánaði, skyldi óheimil. Slík framkvæmd gengistryggingarheimildarinnar, en hún var ætluð til að forða sjóðnum frá gengistöpum af erlendum lánum, er hann tók til starfsemi sinnar, hefði augljóslega getað leitt til óeðlilegs mismunar á lánskjörum fyrir einstaka lántakendur.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að fallast beri á þá úr-

lausn hans, að aðferð sú, er aðaláfrýjandi Fiskveiðasjóður beitti, er hann lánaði erlent lánsfé og annað ráðstöfunarfé sitt ósundurgreint með gengistryggingu að hluta, hafi eigi brotið gegn 2. gr. laga nr. 17/1961. Verður hækkun sjóðsins á láni gagnáfrýjanda vegna gengistapa af erlendum lánum, er sjóðurinn varð fyrir við gengisfellingar íslenskrar króna á árunum 1967 og 1968, þar á meðal af erlendum lánum, sem tekin voru fyrir gildistöku laga nr. 17/1961, því ekki metin ólögmat. Er þá sérstaklega haft í huga, að lán gagnáfrýjanda var ekki hækkað nema um þann hluta af umræddum gengistöpum Fiskveiðasjóðs, sem hlutfallið milli láns hans og annarra ógreiddra lána, er sjóðurinn hafði veitt með gengisákvæðum, sáðði til um.

Kemur þá til álita, hvort sú ákvörðun að setja ekki gengistryggingarákvæði í skuldabréf fyrir lánum veittum úr Fiskveiðasjóði 1. janúar 1967 til 29. maí 1968 hafi þrengt heimild sjóðsins til að beita gengisákvæði veðskuldabréfsins gagnvart gagnáfrýjanda, svo sem héraðsdómur telur.

Í 2. gr. laga nr. 17/1961 fólst heimild, en eigi skylda, fyrir Fiskveiðasjóð til að gengistryggja ný lán úr sjóðnum. Ekki er fram komið, að ákvörðun sjóðsstjórnar um að hafa ekki gengistryggingarákvæði í skuldabréfum fyrir lánum úr sjóðnum 1. janúar 1967 til 29. maí 1968 hafi verið byggð á öðru en því mati stjórnarinnar, reistu á efnislegum sjónarmiðum, að gengistryggingarinnar væri ekki þörf að óbreyttum aðstæðum. Er hér var komið, var áhætta gagnáfrýjanda vegna hugsanlegra gengisbreytinga orðin til muna minni en hún var í öndverðu. Leiðir þetta af því, að gengisbreytingarákvæði voru almennt í skuldabréfum fyrir lánum veittum úr Fiskveiðasjóði, eftir að gagnáfrýjandi tók lán sitt. Á fyrrgreindu tímabili, er gengisákvæði voru ekki sett í veðskuldabréf Fiskveiðasjóðs, tók sjóðurinn engin erlend lán. Jókst því ekki gengisáhætta gagnáfrýjanda, þótt gengistryggingarákvæðið væri fellt niður. Tel ég, að framangreind ráðstöfun stjórnar Fiskveiðasjóðs hafi ekki verið ólögmat gagnvart gagnáfrýjanda. Verða kröfur hans því ekki teknar að neinu leyti til greina á þessum grundvelli. Samkvæmt þessu og þar sem gagnáfrýjandi hefur ekki heldur að öðru leyti leitt rök

að kröfum sínum á hendur aðaláfrýjanda Fiskveiðasjóði Íslands, verður hann sýknaður.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur ríkissjóði, þær er hann hefur uppi fyrir Hæstarétti, eru engum haldbærum rökum studdar. Verða þær því ekki teknar til greina.

Það athugast, að engin ástæða var til að stefna fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra sameiginlega til fyrisvars fyrir ríkissjóð.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, og þar sem ég fellst á úrlausn meiri hluta dómenda um málskostnað, er ég samþykkur dómsorði þeirra.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. maí sl., hefur Húni h/f, Húnavatnssýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 27. maí 1971, gegn Fiskveiðasjóði Íslands, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands sem eiganda Fiskveiðasjóðs, öllum in solidum, til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 1.841.408 auk 6½% ársvaxta af kr. 450.000 frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1969 og sömu vaxta af kr. 1.841.408 frá 1. janúar 1969 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi aðalkröfu um, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 1.841.408 með vöxtum, eins og í stefnu greinir, og málskostnað eða að stefndi verði dæmdur til að þola, að skuld stefnanda við hann verði lækkuð um kr. 1.841.408, þ. e. kr. 450.500, sbr. dskj. nr. 19, og um kr. 1.390.908, sbr. dskj. nr. 5, og vextir felldir niður af hækkununum. Varakrafa stefnanda er á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.418.867 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í stefnu greinir, eða að stefndi verði dæmdur til að þola, að skuld stefnanda við hann verði lækkuð úr kr. 10.341.408, sbr. dskj. nr. 5, í kr. 8.922.613, eða um kr. 1.418.795 og vextir felldir niður af þessari fjárhæð.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessa, en án árangurs.

Rétt þykir að rekja nokkuð gang máls þessa. Það var þingfest 27. maí 1971, lögmaður stefndu fékk fresti til þess að skila greinar-

gerð til 4. nóv. 1971. Þann dag var málinu frestað um óákveðinn tíma, og fékk yfirborgardómarinn það til úthlutunar. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar í október 1972 og tók málið fyrst fyrir 7. nóv. 1972. Málinu var síðan frestað allt til 23. október 1973, er lögmenn lýstu yfir, að gagnaöflun væri lokið, og var þá ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram 7. des. 1973. Fyrirtekt málsins þann dag féll niður vegna veikinda formanns dómsins, en áður hafði lögmaður stefnanda óskað eftir því utan réttar, að málflutningi yrði frestað fram yfir 20. janúar 1974. Hinn 17. desember 1973 var ákveðið, að málflutningur skyldi fara fram 31. janúar 1973. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, lagði lögmaður stefnanda fram 10 dómsskjöl, og lögmaður stefndu óskaði eftir því, að málflutningi yrði frestað, þar sem hann hafði hafði ekki fyrr séð skjöl þau, sem lögmaður stefnanda lagði fram. Var málinu því frestað til 18. febrúar 1973. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, sótti Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður þing fyrir stefndu, og hafði hann þá tekið við málinu fyrir stefndu. Þar sem Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður, sem hafði farið með málið fyrir stefndu, var þá látinn. Lögmaður stefndu óskaði eftir frestun málsins, þar sem hann hafði svo nýlega tekið við málinu. Var málinu því frestað til munnlegs flutnings til 12. mars 1974. Ekki varð af málflutningi 12. mars 1974, þar sem annar þeirra manna, sem formaður dómsins hafði þá kvatt til meðdómendastarfa, var forfallaður. Hinn 14. mars var málið svo tekið fyrir að viðstöddum formanni dómsins og meðdómsmönnum Eggert Kristjánssyni, lögfræðingi og löggiltum endurskoðanda, og Guðmundi Skaftasyni, lögfræðingi og löggiltum endurskoðanda. Lögmennirnir lýstu að nýju yfir, að gagnaöflun væri lokið. Leitað var um sáttir án árangurs, og síðan fór fram munnlegur málflutningur, og málið var dómtekið. Hinn 10. maí 1974 var málið endurupptekið og óskað eftir frekari upplýsingum frá lögmanni stefndu, og var málinu frestað til framlagningar umbeðinna gagna til 12. júní 1974. Þann dag lagði lögmaður stefndu fram nokkur gögn, og var málinu síðan frestað til gagnaöflunar til 6. sept. 1974. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, var meðdómsmaðurinn Eggert Kristjánsson veikur á sjúkrahúsi, og var málinu frestað vegna veikinda hans til 9. des. 1974. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, var bókað, að Eggert Kristjánsson hefði óskað eftir því að verða leystur undan meðdómendastarfanum vegna veikinda. Guðlaugur Þorvaldsson viðskiptafræðingur hafði þá fallist á að taka að sér að vera meðdómandi í málinu, en þar

sem sem hinn nýi meðdómandi átti eftir að kynna sér skjöl málsins, þá var málinu frestað um óákveðinn tíma. Málið var síðan tekið til munnlegs flutnings 22. maí sl. Það, hvað það dróst, að málið væri tekið til munnlegs flutnings, stafaði af því, að báðir meðdómsmennirnir voru önnum kafnir við önnur störf.

Málavextir eru þeir, að stefnandi samdi við Skipasmíðastöð KEA á Akureyri um smíði á skipi. Hinn 30. ágúst 1963 fékk stefnandi lán hjá Fiskveiðasjóði Íslands að fjárhæð kr. 8.500.000. Fjárhæð lánsins að frádregnum kostnaði, að fjárhæð kr. 45.100, var sama dag borguð í reikning Kaupfélags Eyfirðinga, Akureyri, í Landsbanka Íslands, Akureyri.

Vegna láns þessa gaf stefnandi út skuldabréf fyrir lánsupphæðinni hinn 30. ágúst 1963. Lánið var tryggt með I. veðrétti í binu nýja skipi, sem hlaut nafnið Húni II., HU 2, TFSK. Í skuldabréfi þessu er svofellt ákvæði:

„Er Fiskveiðasjóði heimilt að innheimta 3/5 hluta af láni þessu eða eftirstöðvum þess á hverjum tíma með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum.“

Í árslok 1967 tilkynnti Fiskveiðasjóður stefnanda með vísan til þessarar heimildar í skuldabréfinu, að framangreint lán stefnanda hjá sjóðnum hefði verið hækkað um kr. 450.500 vegna gengisbreytingar íslenskrar krónu. Í árslok 1968 tilkynnti sjóðurinn stefnanda með vísan til sömu heimildar, að lánið hefði á ný verið hækkað um kr. 1.390.908. Heildarhækkun lánsins var þá orðin kr. 1.841.408.

Stefnandi stóð ekki í skilum við Fiskveiðasjóð samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins.

Hinn 20. desember 1969 gerði stefnandi samning við hlutafélagið Eini á Hornafirði um sölu á Húna II., og mun kaupandi hafa tekið við skipinu samkvæmt kaupsamningnum hinn 5. janúar 1970. Samkvæmt kaupsamningnum var kaupverð skipsins kr. 15.500.000, og skyldi kaupandi greiða kaupverðið m. a. með því að taka að sér að greiða lán Fiskveiðasjóðs, sem væri gengistryggt, skv. veðbréfinu, dags. 30. ágúst 1963, upphaflega að fjárhæð kr. 8.500.000, en nú að eftirstöðvum kr. 10.341.408 auk ógreiddra vaxta og gjaldfallinna afborgana pr. 1. nóvember 1969, kr. 1.401.085, eða samtals kr. 11.742.492.

Í málinu hefur verið lagt fram ljósrit af afsali, dags. 4. maí 1970, þar sem stefnandi selur og afsalar vélskipinu Húna II., HU 2, til hlutafélagsins Einis. Í afsalinu kemur fram, að kaupandi tekur að sér að greiða veðlán Fiskveiðasjóðs Íslands, upphaflega að fjár-

hæð kr. 8.500.000, en nú að eftirstöðvum með hækkunum vegna gengislækkana og áfallinna ógreiddra vaxta pr. 1. janúar 1970 kr. 11.742.493. Jafnframt er tekið fram, að reynist eftirstöðvar skuldar við Fiskveiðasjóð hærri eða lægri en nú eru tilgreindar, geri aðiljar þann mismun upp sín í milli.

Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 6 bréf frá Fiskveiðasjóði til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 24. mars 1970. Bréfið er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni hins háa ráðuneytis í bréfi 18. þ. m., í til efni af fyrirspurn herra alþingismanns Björns Pálssonar á þskj. 432 skal eftirfarandi upplýst:

1. a) Stjórn sjóðsins ákvað 17. marz 1961 að hafa eftirleiðis gengisákvæði í skuldabréfum fyrir lánnum úr sjóðnum samkvæmt heimild í lögum nr. 17, 10. marz 1961.
- b) Tala veittra lána frá þeim tíma og fram að gengisbreytingu 12. nóv. 1968:

949

þar af án gengistryggingar, frá 1/1 '67 til 29/5 1968:

134

2. a) Lánveitingar án gengisákvæðis frá því byrjað var að lána þannig, fram að gengisbreytingu 12. nóv. 1968 var:

kr. 405.217.500.00

þ. e. á tímabilinu 1/1 '67 — 29/5 '69:

kr. 371.217.500.00

og svonefnd PL. 480 lán (til síldarverksmiðja) samtals:

kr. 34.000.000.00

- b) Gengistryggð lán veitt á sama tíma

kr. 1.356.064.000.00

(en þar frá dragast eftirstöðvar erl. skipakaupalána á hverjum tíma)

3. Fiskveiðasjóður skuldaði í erlendri mynt þegar gengi ísl. krónu var lækkað:

1960 kr. 63.766.708.93

1961 — 105.229.751.17

1967 — 87.830.627.41

1968 — 172.852.081.68

í árslok 1969 voru þessar skuldir kr. 303.958.752.90

4. Í árslok 1967 voru gengistryggð útlán að frádregnum eftirstöðvum erl. skipakaupalána

kr. 581.949.981.00

Í árslok 1967 voru útlán án gengistryggingar
kr. 854.174.196.00

auk útlána Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, sem Fiskveiðasjóður yfirtók 31/12 1966, 367.5 m. kr.

5. Skuldir Fiskveiðasjóðs í erlendri mynt hækkuðu í ísl. krónum við gengisbreytingarnar

1967 um kr. 28.632.784.54

1968 um kr. 93.980.249.27

Við gengisbreytinguna 1967 (32.6%) voru útlán sjóðsins með gengisákvæði kr. 540.240.000.00 og nægði þá 5.3% hækkun þeirra fyrir gengisbreytingunni.

Árið 1968 var gengistapið kr. 93.980.249.27, en útlán sjóðsins með gengisákvæði kr. 604.802.710.00 og voru þau hækkuð um 15.54% til þess að mæta gengisbreytingunni.

Að lokum skal þess getið, þó ekki sé sérstaklega um það spurt, að Fiskveiðasjóður hefur sjálfur orðið fyrir gengistapi og afskrifað af þeim sökum á tímabilinu 1957—1969 samtals kr. 52.644.011.55.“

Hinn 9. febrúar 1971 ritaði stefnandi stjórn Fiskveiðasjóðs bréf, þar sem stefnandi fer fram á það við stjórn sjóðsins, að stefnanda verði endurgreitt ranglega gjaldfærð gengistöp að upphæð kr. 1.841.408 auk vaxta.

Bréf þetta er svohljóðandi:

„Þegar gengi íslenzkrar krónu var lækkað 1967, fékk ég tilkynningu um, að skuld Húna h.f. við Fiskveiðasjóð hefði hækkað um 5.3% eða um 450.500.00 kr. Í árslok 1968 fékk ég aðra tilkynningu um, að skuldin hefði hækkað enn um 15.54% vegna gengislækkunar 1968. Sú hækkun nam 1390.908.00 kr. Skuldin hækkaði því alls um 1841.408.00 kr.

H.f. Húni fékk lán hjá Fiskveiðasjóði 1963 vegna smíða á skipi, sem byggt var á Akureyri. Ég vissi eigi, þegar lánið var hafið, hve mikið erlent fé var endurlánað, en það ákvæði var sett í skulda-bréfið, að 3/5 hlutar lánsins væru gengistryggðir. Engin samkomulagsleið var farin. Ég var tilneyddur að taka lánið, enda hafði hluti þess verið greiddur skipasmíðastöðinni. Ég talaði um þetta við forstjóra sjóðsins, og taldi hann, að hér væri aðeins um heimild að ræða, sem tæpast mundi verða notuð, þegar um innlent smíði væri að ræða, enda mun dýrara að byggja skip hér en erlendis á þeim tíma.

Seint á árinu 1969 komst ég að því, að aðilar, sem höfðu fengið lán 1967 hjá Fiskveiðasjóði til greiðslu á skipum, sem smíðuð voru innanlands, þurftu engin gengistöp að greiða. Ég spurðist

fyrir um það á Alþingi, hvernig þessu væri varið. Elías Halldórs-son svaraði þessum fyrirspurnum skýrt og heiðarlega. Í ljós kom, að um meira ranglæti var að ræða en ég ætlaði í fyrstu. Gengisákvæði voru sett í skuldabréf frá 17. 3. 1961 til ársloka 1966. Þá voru gengisákvæði felld niður þar til í maílok 1968, en á því tímabili var meira um skipakaup en nokkru sinni áður. Veitt voru 134 ógengistryggð lán að upphæð 405 millj.

Þegar byrjað var að veita gengistryggð lán, skuldaði Fiskveiðasjóður í erlendu fé 105.229.751.00 kr., en nær sömu upphæð, þegar hætt var að lána gengistryggt lán í árslok 1966. Fiskveiðasjóður átti 12 milljóna bankainnstæðu í árslok 1960, en 145 milljónir í árslok 1966. Mismunur 133 milljónir, sem var 28 milljónum meira en nam öllum erlendum skuldum Fiskveiðasjóðs. Það var eigi þeirra sök, sem lán tóku á tímabilinu 1961—1967, þó að innstæðurnar væru eigi til þess notaðar að greiða erlendu skuld-irnar. Samkvæmt skýrslu Elíasar lækkuðu þó erlendar skuldir um að minnsta kosti 17.399.124.00 kr. frá áramótum 1967 þar til gengi var lækkað 1967. Ljóst er því, að ekkert erlent fé var raunverulega endurlánað frá því að gengið var lækkað 1961 og þar til í árslok 1966 og bankainnstæður uxu um 133 millj. á því tímabili. Öll þessi ár voru þó eingöngu lánuð gengistryggð lán að 3/5 hlutum. Hins vegar virðast lán eigi hafa verið veitt með gengisáhættu fyrir gengislækkun 1961, því að þau töp greiðir sjóðurinn sjálfur 1962.

Í lögum Fiskveiðasjóðs Íslands segir svo í 16. gr.:

„Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.“

Ég sé eigi annað en stjórn Fiskveiðasjóðs hafi þverbrotið þessa lagagrein með því að lána með gengisáhættu kr. 581.949.981.00, á tímabilinu frá því að gengið var lækkað 1961 til ársloka 1966, þar sem erlendar skuldir lækkuðu um meira en 17 milljónir á tímabilinu milli gengislækkanna. Erlendar skuldir hækkuðu hins vegar á tímabilinu 1. 1. 1967 þar til gengisbreyting varð 1968 um 65 milljónir, en á því tímabili var lánað án gengisáhættu: Hér hefur því verið farið öfugt að. Gengistöp Fiskveiðasjóðs 1967 og 1968 voru samtals 122.613.033.00 kr. Þessari upphæð var allri jafnað niður á þá, sem tóku lán frá því á miðju ári 1961 til ársloka 1966. Jafnað var niður á 540 milljónir 1967, en 604 milljónir

1968. Mismunur á upphæðum mun einkum liggja í því, að gengistöpin 1968 voru meðal annars jöfnuð niður á gengistöpin 1967. Verður það að teljast vafasamt réttlæti. Þeir, sem tekið höfðu lán fyrir gengislækkun 1961 og eftir árslok 1966, greiddu engin gengistöp. Skuldir þeirra námu í árslok 1967 kr. 854 milljónum. Að sjálfsögðu var eigi hægt að láta þá greiða gengistöp, sem lánað hafði verið án gengisáhættu. Eigi var heldur rétt eða löglegt að láta þá aðila greiða gengistöp, sem eigi hafði verið lánað erlent fé. Fiskveiðasjóði bar því að greiða gengistöpin af eigin fé, eins og hann hafði gert 1960 og 1961. Til þess var hann vel fær og þurfti engar útborganir að inna af höndum.

Útlánnum Fiskveiðasjóðs hefur því verið hagað þannig, að erlent fé var lánað án gengistryggingar fyrir gengislækkun 1961 og eftir árslok 1966, en innlent fé lánað með gengisáhættu frá miðju ári 1961 til ársloka 1965. Þeir, sem lán tóku hjá Fiskveiðasjóði á þessu 5 ára tímabili, hafa því ranglega verið látnir greiða kr. 122.613.033.00 í gengistöp. Ég geri ráð fyrir, að hér hafi verið um mistök að ræða, en eigi ásetning. Ég vil því fyrir hönd h.f. Húna fara fram á það við stjórn Fiskveiðasjóðs, að Húna h.f. verði endurgreidd ranglega gjaldfærð gengistöp að upphæð kr. 1.841.408.00 auk vaxta. Ég tel eðlilegast að taka allt tímabilið í einni heild frá gengislækkun 1961 til ársloka 1966. Vilji stjórn Fiskveiðasjóðs frekar miða við einstök ár, get ég fallt á að reikna sér það ár, sem h.f. Húni tók lánið. Geri ég það sökum þess, að ég óska eftir að leysa þetta mál friðsamlega.

Fiskveiðasjóður lánaði árið 1963 kr. 189.387 þús. Af því var erlent fé endurlánað 8.206 þúsund eða 4½%. Þann hluta var heimilt að lána með fullri gengisáhættu.

Svar óskast bréflaga innan 14 daga, og æski ég þess, að það verði sent til mín í Alþingishúsið. Berist eigi svar innan þess tíma, lít ég á það sem neitun við tilmælum h.f. Húna um endurgreiðslu.“

Bréfi þessu var svarað af hálfu Fiskveiðasjóðs 25. mars 1971. Það bréf er svohljóðandi:

„Stjórn Fiskveiðasjóðs hefir haft til athugunar bréf yðar, dags. 9. f. m., þar sem þér farið þess á leit f. h. Húna hf., að félaginu verði endurgreidd gengistöp að upphæð kr. 1.841.408.00, auk vaxta. Um leið og vísað er til viðtals formanns sjóðsstjórnar við yður 23. f. m., þykir oss rétt að skýra yður frá, að stjórnin lætur nú framkvæma gagngera athugun á þessum málum í heild, en nokkur tími mun líða þar til fyrir liggur niðurstaða þeirrar at-

hugunar. Mun því enn verða nokkur dráttur á, að unnt verði að svara málaleitan yðar. Þessu mun þó verða hraðað svo sem kostur er.“

Hinn 21. apríl 1971 skrifaði lögmaður stefnanda Fiskveiðasjóði og krafðist endurgreiðslu á kr. 1.841.408 hækkun á láninu. Bréfi þessu svaraði lögmaður Fiskveiðasjóðs með bréfi, dags. 8. maí 1971, og var kröfu stefnanda þar synjað, þar sem stjórn Fiskveiðasjóðs taldi, að greiðsluskylda á kröfu þessari væri ekki fyrir hendi. Bréfi þessu fylgdi álitgerð, dags. 3. apríl 1971, gerð af lögmanni stefnanda, Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni og dr. Gauki Jörundssyni prófessor. Í álitgerð þessari segir m. a. svo:

„Fyrst skal á það bent, að hækkun lánsins er greinilega langt innan þeirra marka, sem fyrrgreint gengisákvæði veðskuldabréfsins setur. Einnig verður að telja, að orðalag gengisákvæðisins taki af skarið um, að hækka skuli ógreiddar eftirstöðvar höfuðstóls lánsins, eins og þær eru við gengisfellingu, án tillits til þess, hvort hluti lánsins eða jafnvel lánið í heild hafi áður verið fallið í gjald daga. Er því ljóst, að umrædd hækkun lánsins getur ekki talizt fara á neinn hátt í bága við ákvæði veðskuldabréfsins og samninga aðila. Kemur þá aðeins til athugunar, hvort gengisákvæðið verði að teljast að einhverju eða öllu leyti ólögmaett af öðrum ástæðum. Aðdragandi þess, að gengisákvæði af ofangreindu tagi var tekið í veðskuldabréf fyrir lánun, sem Fiskveiðasjóður hefur veitt, var sá, að á árinu 1960 þótti fyrirsjáanlegt, að afla þyrfti Fiskveiðasjóði fjár með lántökum erlendis. Var af þeim sökum lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp um hækkun á þeirri fjárhæð, sem ríkisábyrgð mætti ná til, og um heimild til handa Fiskveiðasjóði til að firra sig tjóni af völdum gengistaps af endurlánuðu erlendu lánsfé. Voru samþykkt á Alþingi lög um þetta efni, er voru síðan birt sem lög nr. 17, 10. marz 1961, um breyting á lögum nr. 40, 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 17/1961 skyldi bætast aftan við 3. gr. laga nr. 40/1955 svohljóðandi málsgrein: „Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.“

Á stjórnarfundum Fiskveiðasjóðs 2. og 17. marz 1961 var svo samþykkt að taka upp í veðskuldabréf fyrir lánun sjóðsins gengisákvæði af því tagi, sem greinir í umræddu veðskuldabréfi, útgefnu af Húna h/f. Virðist við þá ákvörðun stjórnarinnar hafa verið

litið til þess, hve mikill hluti þess fjár, sem Fiskveiðasjóður myndi hafa til ráðstöfunar á árinu 1961, væri innlent fé og hve mikill hluti erlent fé. Ekki liggur á hinn bóginn fyrir, hvernig útreikningum þeim var háttað, sem þar voru lagðir til grundvallar.

Svo virðist sem Fiskveiðasjóður hafi verið farinn að taka upp gengisákvæði í skuldabréf sín þegar á árinu 1960, en fyrir þann tíma var slíkum ákvæðum ekki til að dreifa. Umrædd gengisákvæði voru síðan tekin í skuldabréf fyrir lánnum Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa fram til ársins 1967, er stjórn Fiskveiðasjóðs samþykkti hinn 18. apríl að hafa slík ákvæði ekki framvegis í skuldabréfum. Á fundi sínum hinn 29. maí 1968 samþykkti stjórnin hins vegar að taka gengisákvæðið upp aftur. Á síðastgreindu tímabili mun Fiskveiðasjóður eigi hafa tekið ný lán erlendis.

Hækkun á höfuðstól hinna gengistryggðu skuldabréfa í tilefni af áðurgreindum gengisfellingum á árunum 1967 og 1968 var hagað þannig, að fyrst var kannað, hve erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs hefðu hækkað við gengisfellingar þessar. Síðan var reiknað út, hve hækka þyrfti höfuðstól nefndra skuldabréfa að hundraðstölu, til þess að Fiskveiðasjóður yrði skaðlaus af gengistapinu. Þessi hundraðstala var svo lögð til grundvallar, og eftirstöðvar höfuðstóls gengistryggðra skuldabréfa hækkaðar sem henni nam.

Af framansögðu er tvennt ljóst: Í fyrsta lagi það, að við útreikning á hækkun eftirstöðva höfuðstóls gengistryggðra skuldabréfa var tekið með gengistap af erlendum skuldum Fiskveiðasjóðs, sem var til stofnað, áður en farið var að hafa gengisákvæði í skuldabréfum fyrir lánnum sjóðsins. Í öðru lagi hitt, að gengistap hefur ekki bitnað á þeim lánþegum, sem ekki höfðu gefið út gengistryggð skuldabréf fyrir lánnum sínum, enda augljóst, að slíka kröfu gat Fiskveiðasjóður ekki gert á hendur þeim. Ber að gefa þessum atriðum gætur, þegar leysa á úr lögmati gengisákvæða þeirra, sem hér eru til umræðu, og hækkana á lánaeftirstöðvum samkvæmt þeim.

Þegar Húni h/f gaf út umrætt veðskuldabréf, voru í gildi um Fiskveiðasjóð lög nr. 40/1955, eins og þeim hafði þá verið breytt, m. a. með fyrrgreindum lögum nr. 17/1961. Ber tvímælalaust að leggja ákvæði þessara laga til grundvallar við úrlausn um lögmati gengisákvæðanna í veðskuldabréfi þessu.

Í lögum nr. 40/1955 voru ítarleg fyrirmæli um skilmála þá, sem setja bæri fyrir lánnum Fiskveiðasjóðs, bæði varðandi láns tíma, lánsfjárhæð, vaxtaupphæð, veð, gjalddaga, fullnustugerðir

o. fl. Ákvæði á þessa leið hafa verið í eldri lögum um Fiskveiðasjóð, sbr. lög nr. 46/1930, nr. 99/1938, nr. 110/1941 og 34/1943, sbr. nú lög nr. 75/1966. Telja verður samt hæpið, að líta beri á slíka talningu sem tæmandi, þannig að óheimilt hafi verið að taka upp lánskilmála um atriði, sem ekki hefur verið kveðið á um í lögnum. Að því er snertir gengisfyrirvara verður að telja, að jafnan hafi verið heimilt án sérstakrar lagaheimildar að endurlána erlent lánsfé með gengisfyrirvara á lánstímanum. Þessi regla hlaut og staðfestingu í 6. gr. laga nr. 4, 20. apríl 1960, um efnahagsmál, þar sem berum orðum er tekið fram, að heimilt sé að endurlána erlent lánsfé með gengisfyrirvara. Verður nú vikið gagnert að skýringu á umræddum ákvæðum laga nr. 17/1961.

Fyrst kemur til athugunar, hvort það hafi verið fortakslaust skilyrði fyrir því, að Fiskveiðasjóður mætti semja um gengistryggingu og taka upp gengisákvæði í skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum, að erlendu lánsfé væri haldið algjörlega aðgreindu frá öðru ráðstöfunarfé sjóðsins, en ekki látið renna saman við annað fé sjóðsins, eins og gert var. Þröng orðaskýring gæti bent til slíkrar niðurstöðu, en að okkar dómi fær sú niðurstaða ekki staðizt.

Við teljum, að ákvæði 2. gr. laga nr. 17/1961 beri að skýra svo, að Fiskveiðasjóði hafi verið heimilað að semja um gengistryggingu á lánnum sínum og taka slík ákvæði í skuldabréf fyrir þeim, svo að sjóðurinn bæri ekki halla af gengisbreytingum. Hafi Fiskveiðasjóði verið fengið vald til þess að kveða nánar á um það í samningum við lánþega og í skuldabréfum sínum, hvernig þessu takmarki yrði náð. Verður leið sú, sem farin var, ekki talin ólög-mæt. Einnig virðist Fiskveiðasjóði út af fyrir sig hafa verið heimilt að halda erlendu fé aðgreindu og lána það með fullri gengistryggingu, þótt í meðferð málsins á Alþingi komi sums staðar fram, að eigi væri gert ráð fyrir slíkri framkvæmd.

Samkvæmt framansögðu verður að telja lögmæta þá samninga, sem Fiskveiðasjóður gerði um gengistryggingu lána sinna, m. a. við Húna h/f, og sömuleiðis lánaskilmála þá, sem teknir voru í veðskuldabréf fyrir lánunum. Engu að síður verður að taka til athugunar, hvort þá takmörkun verði að gera á samningum um lán og lánaskilmálum, að óheimilt hafi verið að beita gengisákvæðum hinna gengistryggðu skuldabréfa til þess að firra Fiskveiðasjóð gengistapi af erlendum lánnum sjóðsins, sem tekin voru, áður en farið var að gengistryggja útlán sjóðsins hér á landi. Orðalag umræddra ákvæða laga nr. 17/1961 og greinargerðar fyr-

ir frumvarpi til þeirra laga gæti bent til hugmynda á þá leið, að Fiskveiðasjóður ætti jafnan að bera gengistap af eftirstöðvum þeirra erlendu lána, sem tekin hefðu verið og endurlánuð, áður en gengistryggingar lána hófust. Einnig kom fram í meðferð nefnds frumvarps sú skoðun hjá þingmönnum, að þeir gengju út frá því, að Fiskveiðasjóður myndi ekki nota gengisákvæði í skuldabréfum til annars en að forða sjóðnum frá gengistjóni. Frá lögfræðilegu sjónarmiði verður samt að telja hæpið, að lög nr. 17/1961 hafi í sjálfu sér gert slíka takmörkun, sem að ofan greinir, á valdi sjóðsins til samninga um gengistryggingu lána og hækkun lána í samræmi við það, þótt játa beri, að þarna sé um nokkurt vafamál að ræða. Auk þess, sem þegar hefur verið nefnt, má nefna tvö atriði, sem benda til þess, að umrædd takmörkun verði ekki leidd af lögum nr. 17/1961. Í fyrsta lagi er þess að geta, að við greiðslur afborgana af lánnum, sem Fiskveiðasjóður veitti, áður en gengistrygging fór að tíðkast, fékk Fiskveiðasjóður til ráðstöfunar fé, sem í rauninni varð að hluta rakið til erlendra lána. Í öðru lagi hnígur tillitið til bankatæknilegra sjónarmiða gegn umræddri takmörkun, þar sem sú leið var eigi farin að halda erlendu lánsfé sjóðsins aðgreindu. Ennfremur er hér rétt að vekja athygli á því, að hvergi nærri er fullvíst, að einstakir lánþegar Fiskveiðasjóðs geti haft uppi kröfur á hendur sjóðnum, þótt í lögum nr. 17/1961 fælist takmörkun af umræddu lagi, sem ekki hefði síðan verið fyllilega virt við lánsamninga og hækkun lána.

Loks skal þess getið, að ekki verður talið, að ólögmet mismunun felist í því, að sum lán Fiskveiðasjóðs eru gengistryggð en önnur ekki. Gildir það einnig um þá breytingu, sem varð á afstöðu Fiskveiðasjóðs til gengistrygginga á fyrrgreindu tímabili á árunum 1967 og 1968. Á sú niðurstaða sér og stuðning í því, að á þeim tíma tók Fiskveiðasjóður ekki erlend lán til starfsemi sinnar.

Samkvæmt framansögðu er það álit okkar, að kröfur vegna hækkana á skuldabréfi, útgefnu af Húna h/f 30. ágúst 1963, eigi sér ekki stoð í lögum.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram dskj. nr. 35, útreikningar gerðir af Friðbirni Agnarssyni, löggiltum endurskoðanda, dags. 30. desember 1973. Í dskj. þessu segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar hefi ég reynt að reikna út, hversu mikið af lánsfé því, er Fiskveiðasjóður Íslands lánar árið 1963, eru erlend lán, sem sjóðurinn tekur á því ári.

Gögn þau, sem ég hefi fengið til að styðjast við, eru ársreikningar sjóðsins með þeim upplýsingum, sem þeim fylgja.

Erlend lán hinn 31/12 1962 eru samkvæmt efnahagsreikningi, dags. 3/4 1963, eftirfarandi:

Ríkissjóður (I.C.A. lán)		kr.	29.595.395.65
Framkvæmdabanki	\$ 1.250.443.90	—	53.844.114.30
Framkvæmdabanki	DM 1.220.723.58	—	13.190.180.02
Landsbanki	Nkr 2.855.672.00	—	17.227.435.47

Kr. 113.857.125.44

Erlend lán hinn 31/12 1963 eru samkvæmt efnahagsreikningi, dags. 29/4 1964, þessi:

Ríkissjóður (ICA. lán)	\$ 981.966.00	kr.	42.283.455.96
Framkvæmdabanki	\$ 1.195.185.08	—	51.464.569.50
Framkvæmdabanki	DM 1.162.536.27	—	12.597.962.21
Landsbanki	Nkr 4.263.034.00	—	25.647.691.45

Kr. 131.993.779.12

Á rekstrarreikningi 1963 er fært til gjalda „Gengistap (ICA. lán 1961) uppgert 1963 kr. 9.137.804.42.

Skuldaliðurinn í efnahagsreikningi hinn 31/12 1963 „Ríkissjóður (ICA. lán) \$ 981.966.00 (43/08) kr. 42.263.455.96 hefur þá verið hækkaður um gengistapið kr. 9.137.804.42.

Af þessu leiðir, að annað hvort verður að lækka erlendu lánin hinn 31/12 1963 eða hækka þau hinn 31/12 1962, til þess að réttur viðmiðunargrundvöllur fáiast.

Þá skal á það bent, að gengismunur hefur orðið á milli þessara tveggja ára á Nkr. og DM., en ekki verður séð, hvar sá gengismunur er færður með vissu.

Samkvæmt ofanrituðu hafa erlendar skuldir að frádregnum afborgunum hækkað á árinu 1963 um kr. 8.998.849.26, sem kemur þannig fram:

Erlendar skuldir hinn 31/12 1963	kr.	131.993.779.12
÷ Gengismunur gjaldfærður í rekstrarreikningi 1963	—	9.137.804.42
			<hr/>
		kr.	122.855.974.70
÷ erlendar skuldir hinn 31/12 1962	—	113.857.125.44
			<hr/>
		Kr.	8.998.849.26

Á árinu 1963 eru afborganir af lánunum Framkvæmdabankans þessar:

\$ 55.258.82	kr. 2.379.444.80
DM 58.185.31	— 592.217.91

Kr. 2.971.662.61

Til að finna hækkun ársins á láni Ríkissjóðs (ICA. lán) og Landsbanki Nkr. (sic), þá vantar upplýsingar. Þess vegna er einungis hægt að fá fram nettó töluna, þ. e. innborguð lán að frádregnum afborgunum, ef þær hafa verið einhverjar.

Með framanritaðri takmörkun virðast tekin erlend lán á árinu hafa verið *kr. 11.970.511.87*, sem þannig kemur fram:

Hækkun erlendra lána að frádregnum afborgunum	kr. 8.998.849.26
Afborganir lána (DM. & \$)	— 2.971.662.61

Kr. 11.970.511.87

Á árinu 1963 voru samþykktar lánveitingar sjóðsins, eins og fram kemur í reikningum hans fyrir það ár, alls *kr. 169.387.000.00*.

Af því, sem að framan greinir, er nettó hækkun erlendra skulda *kr. 8.998.849.26* á árinu 1963. Miðað við veitt lán *kr. 189.387.000.00* er þetta 4.751%.

Sé hinsvegar miðað við, að tekin lán hafi verið *kr. 11.970.511.87*, það er að tekið er tillit til vitaðra afborgana, þá er hlutfallið 6.32%.

Þá skal eftirfarandi dregið saman eftir beiðni yðar:

Erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs hinn 31/12 1961 eru *kr. 105.229.751.17* samkvæmt ársreikningum sjóðsins.

Upphæð þessi er í samræmi við svör Fiskveiðasjóðs Íslands til Alþingis frá 24/3 1970.

Í ársreikningum 1963 er fært til gjalda gengistap *kr. 9.137.804.42*, sem er vegna ársins 1961, en uppgert 1963.

Erlendar skuldir hinn 31/12 1961 eiga því að hækka um þessa tölu og verða því *kr. 114.367.555.59*.

Í árslok 1966, þegar sjóðurinn hættir að lána með gengistryggingarákvæðum, eru erlendar skuldir *kr. 105.127.785.16*.

Erlendar skuldir sjóðsins hafa því lækkað á 5 ára tímabilinu frá 31/12 1961 til 31/12 1966 um *kr. 9.239.770.43*.

Á sama tímabili hafa bankainnstæður Fiskveiðasjóðs vaxið úr *kr. 11.072.070.40* í *kr. 145.036.375.46* eða um *kr. 133.964.305.06*.

Eins og að framan getur, eru skuldir í erlendri mynt á sama tíma *kr. 105.127.785.16*.

Á árinu 1966 eru afborganir erlendra lána *kr. 16.833.435.35*, en á árinu 1967 eru þær *kr. 17.415.515.42*.

Þá kemur fram í reikningunum, að stofnsjóður er hinn 31/12 1961 250 milljónir, en er orðinn hinn 31/12 1966 710 milljónir.

Þá fylgir hér yfirlit yfir erlendar skuldir eins og þær eru í reikningum sjóðsins um eftirfarandi áramót (árslok 1961 og 1962 eru leiðrétt, sbr. hér að framan):

Erlendar skuldir	31/12	1961	<i>kr. 114.367.555.59</i>
—	—	31/12 1962	— <i>122.994.929.66</i>
—	—	31/12 1963	— <i>131.993.779.12</i>
—	—	31/12 1964	— <i>127.968.815.02</i>
—	—	31/12 1965	— <i>121.961.220.51</i>
—	—	31/12 1966	— <i>105.127.785.16</i>
—	—	31/12 1967	— <i>116.345.054.28</i>
—	—	31/12 1968	— <i>266.832.330.95</i>

Samkvæmt svari Fiskveiðasjóðs Íslands til Alþingis námu skuldir hans í erlendri mynt við gengisbreytingarnar 1967 og 1968 eftirfarandi upphæðum:

Við gengislækkun 1967 *kr. 87.830.627.41*

Við gengislækkun 1968 — *172.852.081.68*.

Gengistap við þessar gengislækkanir var:

Við gengislækkun 1967 *kr. 28.632.784.54*

Við gengislækkun 1968 — *93.980.249.27*."

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að hækkanir Fiskveiðasjóðs á skuld stefnanda vegna gengisbreytinga hafi verið Fiskveiðasjóði óheimilar.

Þá er lánið var veitt á árinu 1963, hafi gilt um Fiskveiðasjóð lög nr. 40 frá 1955 með breytingu skv. lögum nr. 17 frá 1961, er felld var inn í 3. gr. laga um Fiskveiðasjóð, en í 3. mgr. 3. gr. breyttri segir svo: „Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.“

Skuldabréf stefnanda, sem ritað er á eyðublað Fiskveiðasjóðs, beri það ekki með sér, að sjóðurinn hafi lánað stefnanda erlent fé, heldur segi þar, að Húni h/f hafi fengið að láni í Fiskveiðasjóði Íslands *kr. 8.500.000*, enda hafi Fiskveiðasjóður ekki lánað stefnanda erlent fé. Við lántökuna hafi þess ekki verið getið að neinu leyti, að endurlánað væri erlent fé. Stefnandi hafi ekki

beðið um erlent lánsfé. Samningur stefnanda við Skipasmíðastöð KEA hafi verið um greiðslu í krónum og hafi stefnandi engar greiðslur þurft að inna af hendi í erlendu fé til skipasmíðastöðvarinnar.

Strax og stefnandi hafði tekið við Húna II., HU 2, frá skipasmíðastöð KEA, hafi stefnandi gert skipið út á fiskveiðar. Útgerð skipsins hafi ekki gengið nægilega vel, til að það stæði undir sér. Stefnandi hafi m. a. ekki getað staðið í skilum við Fiskveiðasjóð samkvæmt ákvæðum framangreinds veðskuldabréfs. Seint á árinu 1969 hafi stefnandi ekki séð sér fært að halda áfram útgerð skipsins lengur og ákveðið að selja það hlutafélaginu Eini á Hornafirði. Kaupandi hafi greitt kaupverð skipsins, meðal annars með því að taka að sér að greiða lán Fiskveiðasjóðs samkvæmt skuldabréfi stefnanda, dags. 30. ágúst 1963. Hafi fjárhæð bréfsins verið tilgreind í kaupsamningnum kr. 10.341.408 auk vaxta, sem sé kr. 1.841.408 krónum hærra en það var í upphafi vegna hækkana, sem Fiskveiðasjóður hafði tilkynnt um. Hafi stefnandi orðið fyrir tjóni við sölu skipsins, sem nemur þessari fjárhæð, er nú renni til Fiskveiðasjóðs, en hefði ella runnið til stefnanda sem hluti af söluverði Húna II., HU 2.

Stefnandi hafi fengið að láni íslenskt fé hjá Fiskveiðasjóði. Breyti þar engu um, þótt rekstrarfé Fiskveiðasjóðs sé eða hafi að einhverju leyti verið fengið erlendis. Fiskveiðasjóður sé sjálfstæð stofnun, eign ríkissjóðs, en ekki lántakenda, og rekstur sjóðsins sé lántakendum óviðkomandi, þeir hafi engin áhrif á reksturinn og þeir hafi enga gagnkvæma samábyrgð. Þeir séu einfaldlega viðskiptamenn sjóðsins. Því beri meðal annars að skýra laga-fyrirmælin í lögum nr. 17 frá 10. mars 1961 þröngt, en á þeim byggji Fiskveiðasjóður rétt sinn til hækkunar á láni stefnanda. Óheimilt sé að nota lagafyrirmæli þetta í víðri merkingu sem almennt ákvæði í veðskuldabréfum, eins og Fiskveiðasjóður geri. Óheimilt sé að nota það á annan hátt en þann að lána tiltekna erlenda fjárhæð sem erlent fé og skilja glögglega á milli þess og annars lánsfjár í skuldabréfum. Þessa hafi Fiskveiðasjóður ekki gætt í skuldabréfi stefnanda.

Enn fremur sé Fiskveiðasjóði óheimilt að notfæra sér framangreinda lagaheimild til þess að jafna niður gengistapi af erlendu lánsfé, fengnu síðar en lán stefnanda, á lán hans, svo sem af gengistöpum af erlendu fé, fengnu 1967 eða hvenær sem er eftir 1963. Stefnandi hafi ekkert af því fé fengið.

Fiskveiðasjóður hafi lánað fé án gengistryggingar frá apríl

1967 fram í maillok 1968, enda þótt gengistryggingarheimildin væri óbreytt frá 1961. Þetta beri vott um, að sjóðurinn hafi talið gengistrygginguna þarflausa. Önnur frambærileg rök liggja ekki í augum uppi. Gengistryggingarákvæði hafi að vísu ekki verið numin úr eldri skuldabréfum, en það hefði verið rökrétt framhald af því að hætta að lána með gengistryggingu. Virðist þetta enn vera rök fyrir máli stefnanda og þeim mun fráleitara að láta hann nú bera almenna gengisáhættu af lánnum, sem veitt séu eftir að gengistryggingarákvæði hafi á ný verið sett í skuldabréf Fiskveiðasjóðs.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að aðild stefnanda væri ótvíræð. Verð skipsins hafi verið ákveðið, en þessar kr. 1.841.408 komi í hlut Fiskveiðasjóðs, en ekki í hlut stefnanda, við sölu skipsins.

Símskeyti á dskj. 36 taki af allan vafa um aðild.

Jafnframt var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi væri samkvæmt skuldabréfinu skuldari að láninu og taki það enn af allan vafa um aðild.

Rétt sé, að skuldabréfið hafi ekki verið greitt á réttum tíma, en það hafi verið í samræmi við heimild Fiskveiðasjóðs, enda hafi aldrei verið gengið að veðinu.

Fiskveiðasjóður sé bundinn af ákvæði 11. gr. laga nr. 28 frá 1962, en samkvæmt ákvæði þessu sé óheimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Samkvæmt dskj. nr. 35 sé hámark, að 4,751% af lánsfjárhæðinni hafi verið erlent.

Af hálfu stefndu er sýknukrafa fyrst og fremst studd þeim rökum, að sýkna beri stefndu vegna aðildarskorts stefnanda. Í því efni er sérstök athygli vakin á kaupsamningnum á dskj. nr. 13. Kaupsamningurinn sé dags. 20. des. 1969 og samkvæmt honum hafi stefnandi selt skip sitt, vélskipið Húna II., Eini h/f á Hornafirði. Samkvæmt kaupsamningnum hafi kaupandinn, Einir h/f, tekið að sér greiðslu á hinu gengistryggða láni hjá Fiskveiðasjóði, eftir að lánið hafði verið hækkað eftir gengisbreytingar ísl. krónu, sbr. dskj. 5 og 19. Verði ekki séð, að stefnandi geti verið aðili máls þessa eftir söluna á bátnum og eftir að nýr aðili, þ. e. Einir h/f, hafi tekið að sér að greiða að fullu lán það, sem um er deilt í málinu, með þeim hækkunum, sem á því hafa verið gerðar.

Þá verði heldur ekki séð, að rétt sé að höfða þetta mál sem skaðabótamál af hálfu stefnanda. Sé þess fyrst og fremst að geta,

að ekki sjáist, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni við sölu bátsins. Þá sé augljóst, að stefnandi geti ekki krafist neinnar greiðslu úr hendi stefndu, þegar af þeirri ástæðu að skuldin við Fiskveiðasjóð, sú sem stefnandi viðurkenni, þ. e. 8.5 millj. króna, sé mörgum sinnum hærri en stefnukrafan. Vilji stefnandi halda þessu máli áfram, sýnist, að hann verði að gera þær dómkröfur, að skuld hans við Fiskveiðasjóð verði lækkuð sem gengisbreytingunum nemur.

Loks er sýknukrafa stefndu rökstudd með skírskotun til þess, að hækkun skuldabréfsins á dskj. nr. 3 vegna gengisbreytinganna sé á allan hátt lögleg. Um rökstuðning fyrir þessari fullyrðingu er vísað til álitserðar Einars Baldvins Guðmundssonar og Gauks Jörundssonar prófessors á dskj. nr. 12, en álitserð þessa hafi þeir gert að beiðni Fiskveiðasjóðs, og svo með vísan til skýrslu Fiskveiðasjóðs á dskj. nr. 15.

Af hálfu stefndu er tekið fram, að með lögum nr. 17 frá 1961 hafi Fiskveiðasjóði verið heimilað að innheimta erlent lánsfé úr sjóðnum með gengisviðauka. Sé þetta heimildarákvæði að finna í 2. gr. laganna.

Á stjórnarfundi Fiskveiðasjóðs þann 17. mars 1961 hafi verið einróma ákveðið „að hafa hérefrir ákvæði í skuldabréfum fyrir veittum lánnum um, að heimilt sé að innheimta 3/5 hluta þeirra (60%) með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.“

Á árunum 1967 og 1968 hafi orðið stórfelldar gengisfellingar á íslenskri krónu. Af gengisfellingunni 1967 hafi leitt 32.6% hækkun á erlendum lánnum og af gengisfellingunni 1968 54.4% hækkun. Þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs til fullrar hækkunar á 60% af láni stefnanda hafi lánið aðeins verið hækkað svo sem hér segir, — árið 1967 um 5.3% og árið 1968 um 15.54%.

Að krónutölu hafi lánið hækkað þannig um kr. 450.500 + kr. 1.390.908, eða samtals kr. 1.841.408, en hefði samkv. skuldabréfinu mátt hækka um kr. 1.662.600 + kr. 3.318.400, eða samtals kr. 4.981.000. Jafnvel þótt aðeins hefði verið miðað við 60% af höfuðstól lánsins, kr. 8.500.000, hefði hækkunin mátt samkvæmt skuldabréfinu nema kr. 1.852.600 + kr. 2.774.400, eða kr. 4.437.000.

Samkvæmt skýrslu Fiskveiðasjóðs á dskj. nr. 15 hafi erlent fé sjóðsins numið rúmlega 11.6 millj. króna hinn 30. ágúst 1963, þ. e. þegar stefnandi gaf út skuldabréfið á dskj. nr. 3. Þetta fé hafi verið endurlánað stefnanda og öðrum lántakendum. Um þetta segi svo í skýrslu Fiskveiðasjóðs á dskj. nr. 16:

„Þetta sýnir, að 30. ágúst 1963, þegar lán Húna h.f. var útborgað, hafa bankainnstæður F.Í. verið erlendar að 28.36 hundraðshlutum. Lán Húna h.f. hefur samkvæmt þessu verið erlent í raun að 28.36 hundraðshlutum.

Samkvæmt þessu hefði lán Húna h.f. átt að hækka við gengisbreytinguna í nóv. 1967 um 32.6% af 28.36%, þ. e. um 9.24% af lánsupphæðinni, eða kr. 785.400.00, og við gengisbreytinguna í nóv. 1968 um 54.4% af 28.36%, þ. e. um 15.43% af lánsupphæðinni, eða kr. 1.432.737.00. Samtals hefði því átt að hækka lánið um kr. 2.218.137.00 í stað þeirra kr. 1.841.403.00, er stefnukrafan nemur.

Dæmi rétturinn um málið á forsendum af þessu tagi, sem virðist vera krafa stefnanda, hlýtur sjóðurinn að áskilja sér rétt til þess að gagnkrefja stefnanda um mismuninn, kr. 376.729.00 ásamt vöxtum, eða annan þann mismun, er rétturinn telur, að sannari reynist.

Þess skal að lokum getið, að Fiskveiðasjóður tók engin erlend lán frá því í ágúst 1963 þar til í október 1968, en sú lántaka hefði verið óþörf, ef skuldunautar sjóðsins hefðu staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af lánnum sínum úr sjóðnum, eins og um var samið í upphafi. Húni h.f. hefur enn ekki greitt eyri í afborgun af láni sínu, en afborgunarskilmálum hefur verið breytt oftast en einu sinni. Í marz 1967 höfðu verið greiddar kr. 1.670.112.00 í vexti og dráttarvexti samtals, en frá því í marz 1967 þar til í marz 1969 barst engin greiðsla til sjóðsins vegna láns þessa.“

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þessar tölur tali sínu máli og sýni eins ljóslega og á verður kosið, að því sé víðs fjarri, að gengið hafi verið á rétt stefnanda í sambandi við hækkun lánsins.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að stefnandi gæti ekki gert kröfu um lækkun skuldabréfsins vegna aðildarskorts. En eftir söluna á Húna II. geti stefnandi ekki átt aðild að málinu, en stefnandi hafi selt bátinn án fyrirvara í kaupsamningi. Símskeytið á dskj. nr. 36 frá kaupanda bátsins geti ekki veitt stefnanda aðild.

Hækkanir á skuldabréfinu vegna gengisbreytingar íslenskrar krónu hafi verið lögmætar og með undirritun skuldabréfsins hafi stefnandi skuldbundið sig til að greiða 3/5 af láninu með gengisbreytingu. Hækkanir skuldabréfsins séu miklu minni en heimilt var samkvæmt lögum og ákvæðum skuldabréfsins.

Fiskveiðasjóður hafi lánað bæði innlent og erlent fé. Á dskj. 15 komi fram, hver hafi verið erlend lán, þegar lánið var veitt, en þegar stefnandi fékk lán sitt hafi 28.36% af fé sjóðsins verið erlent.

Ekki verður á kröfu stefndu um sýknu vegna aðildarskorts stefnanda fallist, þar sem stefnandi mun enn vera skuldari samkvæmt skuldabréfinu að láni því, sem stefnandi fékk hjá Fiskveiðasjóði Íslands. Samkvæmt framlögðu ljósriti af afsali, dags. 4. maí 1970, þar sem stefnandi afsalar hlutafélaginu Eini vélskipinu Húna II., HU. 2, tók h/f Einir að sér að greiða áhvilandi veðlán Fiskveiðasjóðs Íslands skv. veðbréfi, dags. 30. ágúst 1963, að eftirstöðvum með hækkun vegna gengislækkana og áfallinna ógreiddra vaxta pr. 1. jan. 1970 kr. 11.742.493. Jafnframt er svohljóðandi ákvæði í afsalinu: „Reynist eftirstöðvar skuldar við Fiskveiðasjóð hærri eða lægri en hér er tilgreint, gera aðilar þann mismun upp sín í milli.“

Krafa stefnanda um greiðslu úr hendi stefndu verður ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að skuld sú, sem stefnandi viðurkennir að skulda Fiskveiðasjóði, er miklum mun hærri en stefnukrafan. En stefnandi gat ekki við sölu á skipinu Húna II. Öðlast ríkari rétt gagnvart Fiskveiðasjóði en hann naut samkvæmt upphaflegum samningi við sjóðinn.

Varðandi kröfu stefnanda um lækkun á skuld stefnanda við Fiskveiðasjóð þá verður að taka afstöðu til þess, hvort hækkanir þær, sem Fiskveiðasjóður gerði á skuldabréfi stefnanda eftir gengisfellingar íslenskrar krónu á árinu 1967 og 1968, hafi verið lögmætar eða ekki.

Þá er stefnandi fékk hjá Fiskveiðasjóði lán það, sem mál þetta er af risið, giltu um Fiskveiðasjóð lög nr. 40 frá 1955, eins og þau lög urðu við breytingu, sem á þeim var gerð með lögum nr. 64 frá 1957, lögum nr. 41 frá 1960 og lögum nr. 17 frá 1961. Samkvæmt lögum þessum er tilgangur Fiskveiðasjóðs að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum. Í 3. mgr. 3. gr. laganna er svofellt ákvæði:

„Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum.“

Á fundi stjórnar sjóðsins þann 17. mars 1961 var einróma ákveðið, „að hafa héreftir ákvæði í skuldabréfum fyrir veittum lánum um, að heimilt sé að innheimta 3/5 hluta þeirra (60%) með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu

á lánstímanum. Að því er snertir lán til greiðslu skipa, sem smíðuð eru erlendis, gildir ákvæði þetta aðeins um þann hluta lána, sem útborgaður er á hverjum tíma, þ. e. „innstæður lántakenda“ dragast jafnan frá slíku láni.“ Á stjórnarfund í Fiskveiðasjóði 18. apríl 1967 var gerð svohljóðandi samþykkt: „Samþykkt að fella niður gengisákvæði á lánnum, veittum frá byrjun þessa árs, svo og innheimtu gengismunar á lánnum, veittum á tímabilinu 22/2 1960 til 4/8 1961, en lán þessi eru nú að eftirstöðvum samtals kr. 3.760.400.00.“

Á stjórnarfund í Fiskveiðasjóði 29. maí 1968 var ákveðið að taka aftur upp ákvæði um heimild sjóðsins til þess að innheimta allt að 3/5 hluta lána eða eftirstöðva þeirra með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum.

Í gögnum málsins kemur fram, að erlendu lánsfé Fiskveiðasjóðs er ekki haldið sérstaklega aðgreindu, heldur er það látið renna saman við aðra fjármuni sjóðsins og svo endurlánað ósundurgreint. Á dskj. nr. 15 kemur fram, að hin erlendu lán Fiskveiðasjóðs séu almennt til langs tíma, t. d. 18 ára, en útlán sjóðsins almennt til mjög mislangs tíma, frá 3—15 (stundum 20) ára og allt þar á milli.

Sú aðferð Fiskveiðasjóðs að halda ekki hinu erlendu lánsfé sérgreindu frá öðru fé sjóðsins og endurlána það beint ákveðnum aðiljum, heldur lána það ósundurgreint með gengistryggingu að hluta og dreifa með því gengisáhættunni, þykir ekki brjóta í bága við ákvæði laga nr. 17 frá 1961. Þar af leiðir, að eðlilegt þykir að skýra ákvæði laga þessara svo, að heimilt hafi verið að láta þá, er tóku ný lán eftir 17. mars 1961, taka þátt í gengistöpum af þeim erlendum lánnum sjóðsins, sem hann hafði tekið fyrir þann tíma og ógreidd voru við gildistöku laganna. Enda virðist ekki verða á milli greint, eins og málum var háttað, hvenær var um að ræða lánsfé, sem var af erlendum rótum runnið, og hvenær innlent fé.

Stjórn sjóðsins var út af fyrir sig heimilt að fella niður gengistryggingarákvæði úr skuldabréfum fyrir lánnum veittum á tímabilinu 1. janúar 1967 til 29. maí 1968, en sú ákvörðun mátti ekki verða til þess, að með henni væri aukin gengisáhætta fyrri lántakenda. Gagnvart þeim verður að telja Fiskveiðasjóð bundinn af samþykkt þeirri, sem stjórn sjóðsins gerði 17. mars 1961 um „að hafa héreftir ákvæði í skuldabréfum fyrir veittum lánnum um, að heimilt sé að innheimta 3/5 hluta þeirra (60%) með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á láns-

tímanum.“ Samþykkt þessa verður að skýra svo sem þar hafi verið ákveðin almenn útlánaregla með þeirri einu undantekningu, sem fram kemur í samþykktinni sjálfri, þ. e. varðandi lán til skipa, sem smíðuð eru erlendis, og verður að telja hana bindandi gagnvart stefnanda. Getur Fiskveiðasjóður því ekki jafnað gengistapi sínu vegna lána, sem veitt voru án gengistryggingar, eftir að stefnandi tók sitt lán, á lán stefnanda.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir lán stefnanda hafa verið hækkað of mikið vegna gengistapa Fiskveiðasjóðs við gengislækkanirnar á árunum 1967 og 1968. Hins vegar liggja ekki fyrir í málinu fullnægjandi reikningslegar upplýsingar til þess, að unnt sé að reikna tölulega beint út, hve miklu hin ofreiknaða hækkun hefur numið. En þar sem það er stefndu að veita hinar tölulegu upplýsingar, þykir það ekki mega verða stefnanda til tjóns, þó að eitthvað skorti á um nákvæmni upplýsinga. Þykir því heimilt að meta lækkun á skuld stefnanda eftir því sem næst verður komist í hinum framlögðu skjölum, en samkvæmt þeim þykir rétt, að gengistapi Fiskveiðasjóðs við gengisfellinguna 24. nóv. 1967 að fjárhæð kr. 28.514.426.87 (sbr. dskj. nr. 39) verði jafnað niður á útlán að fjárhæð kr. 770.000.000 í stað kr. 540.240.000 og gengistapi sjóðsins við gengisfellinguna 12. nóv. 1968 að fjárhæð kr. 93.980.248.27 verði jafnað niður á útlán að fjárhæð kr. 1.050.000.000 í stað kr. 604.802.710. Samkvæmt þessu hefði lán stefnanda átt að hækka í nóv. 1967 um kr. 314.500 í stað kr. 450.500 og í nóv. 1968 um kr. 788.840 í stað kr. 1.390.908, eða samtals um kr. 1.103.340 í stað kr. 1.841.408.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að þola, að skuld stefnanda verði lækkuð um kr. 738.068 og vextir felldir niður af þessari fjárhæð.

Málkostnaður ákveðst kr. 130.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Guðmundur Skaftason, löggiltur endurskoðandi, og Guðlaugur Þorvaldsson viðskiptafræðingur. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna meðdómendanna við önnur störf, m. a. hefur Guðmundur Skaftason verið dómari í Kjaradómi og Guðlaugur Þorvaldsson verið í sáttanefnd, sem skipuð var vegna yfirstandandi vinnudeilna.

Dómsorð:

Stefndu, Fiskveiðasjóður Íslands, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands sem eiganda Fisk-

veiðasjóðs Íslands, skulu færa niður hækkanir að fjárhæð kr. 1.841.408 á skuld stefnanda, Húna h/f, við Fiskveiðasjóð Íslands samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 30. ágúst 1963, upphaflega að fjárhæð kr. 8.500.000, um kr. 738.068 og fella niður vexti af kr. 136.000 frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af kr. 738.068 frá þeim degi. Stefndu greiði stefnanda kr. 130.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1978.

Nr. 152/1976. **Trésmiðja Austurbæjar h/f**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóni Hilmari Björnssyni og gagnsök

(Sigurður Helgason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. ágúst 1976. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. september 1976. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 1.500.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að „fébætur verði hækkaðar frá